



**Efni: Fyrirhugaðar framkvæmdir við byggingu nýrra brúa á Vestfjarðavegi nr. 60 yfir Fjarðarhornsó og Skálmardalsá í Reykhólahreppi**

Breiðafjarðarnefnd fékk til umsagnar framkvæmdatillögu fyrir endurnýjun tveggja brúa við norðanverðan Breiðfjörð. Um að ræða brýr yfir Fjarðarhornsó og Skálmardalsá við Vestfjarðarveg nr. 60 í Reykhólahreppi.

Miðað við kortasjá Umhverfisstofnunar virðast fyrirhugaðar framkvæmdir ná inn á verndarsvæði Breiðafjarðar, sbr. þekju verndarsvæðis Breiðafjarðar á mynd 1. og 2.



Mynd 1: Skálmardalur við norðanverðan Breiðafjörð. Á kortinu sést Vestfjarðarvegur nr. 60 og verndarsvæði Breiðafjarðar í bleikum lit (<https://kortasja.ust.is/mapview/?app=FRID>).



Mynd 2: Fjarðarhornsdalur við norðanverðan Breiðafjörð. Á kortinu sést Vestfjarðarvegur nr. 60 og verndarsvæði Breiðafjarðar í bleikum lit (<https://kortasja.ust.is/mapview/?app=FRID>).

Nánari athugun á loftmyndum og skilgreiningu verndarsvæðisins í lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar leiðir þó í ljós að í báðum tilfellum er um að ræða ónákvæman upprátt af verndarsvæði Breiðafjarðar í kortasjánni. Framkvæmdirnar virðast því lenda að mestu eða öllu leyti utan verndarsvæðis Breiðafjarðar, þó vissulega séu þær á jaðri svæðisins.

Mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar eru skilgreind í 2. gr. laga nr. 54/1994 um vernd Breiðafjarðar. Þar segir að „ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins“<sup>1</sup>. Þessi skilgreining sýnir að verndarsvæðið eins og það er sýnt í kortasjá er ekki rétt, því verndarsvæðið nær ekki lengra en að efri mörkum stórstraumsflóðs á meginlandinu við Breiðafjörð.

Nánar um hvort framkvæmdasvæðið fyrir sig.

### Skálmardalur


Skálmardalur er utan verndarsvæðis Breiðafjarðar að undanskildum fjörum og nýtt brúarstæði yfir Skálmardalsá er því að öllum líkindum utan verndarsvæðisins.

Verndarsvæði Breiðafjarðar og Vestfjarðavegur skarast ekki vestan megin við Vestfjarðarveg í Skálmafirði eins og þekjan gefur til kynna í kortasjá.

---

<sup>1</sup> Alþingi. (2023). Lög 54/1995 um vernd Breiðfjarðar. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html>

Fyrirhugað framkvæmdasvæði við Skálmardalsá, sbr. yfirlitsmynd W-01<sup>2</sup>, virðist ekki skarast við verndarsvæði Breiðafjarðar. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru hins vegar svo nálægt verndarsvæðinu að þess skal sérstaklega gæta að raska ekki fjörum Breiðafjarðar á meðan framkvæmdir standa yfir. Mynd 3 sýnir að fjarlægð milli vegar og fjöru Breiðafjarðar er einungis um 20m.



Mynd 3: Skálmardalur við Skálmardalsá. Fjarlægð milli vegar og fjöru er minnst nálægt 20 m.

### Fjarðarhornsdalur

Fyrirhugaðar framkvæmdir við Fjarðarhornsdalsá, sbr. yfirlitsmynd W-10<sup>3</sup>, eru að mestu á núverandi vegstæði eða fjær verndarsvæðinu en það. Þær virðast því alfarið vera utan verndarsvæðis Breiðafjarðar. Að mati Breiðafjarðarnefndar þarf samt að gæta þess að framkvæmdir svona nálægt fjörunni hafi ekki neikvæð áhrif á svæði utan skilgreinds framkvæmdasvæðis. Breiðafjarðarnefnd leggur áherslu á að framkvæmdir raski ekki fjörum Breiðafjarðar.

Virðingarfyllt,

F.h. Breiðafjarðarnefndar

Erla Friðriksdóttir,

formaður Breiðafjarðarnefndar

<sup>2</sup> Appendix 1

<sup>3</sup> Appendix 2

Appendix 1: Yfirlitsmynd Vegagerðarinnar af framkvæmdasvæði innst í Skálmarfirði.



Appendix 2: Yfirlitsmynd Vegagerðarinnar af framkvæmdasvæði innst í Kollafirði.

